

Fundargerð

Föstudaginn 21. febrúar 2020 var haldinn 5. fundur verkefnishóps um sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í gegnum fundarbúnaðinn Zoom.

Fundinn sátu:

Arndís Harðardóttir
Einar Freyr Elínarson
Þorbjörg Gísladóttir
Anton Kári Halldórsson, formaður
Lilja Einarsdóttir
Christiane L. Bahner
Ágúst Sigurðsson
Björk Grétarsdóttir
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Valtýr Valtýsson
Ásta Berghildur Ólafsdóttir
Egill Sigurðsson
Róbert Ragnarsson
Jón Hrói Finnsson

Formaður setur fund kl. 09:00. Einar Freyr ritar fundargerð í tölvu.

1. Fundargerð síðasta fundar
Engar athugasemdir og skoðast hún því samþykkt.
2. Tímaáætlun
Jón Hrói fór yfir verkefnisáætlun.
Fór yfir vinnu starfshópa. Skil á minnisblöðum starfshópa verður 14.4.2020.
Verkefnishópur vinnur úr niðurstöðum greininga og minnisblaða starfshópa milli 14.4 – 8.5.2020.
Viðhorfskönnun gæti verið unnin 18.5 – 22.5.2020.
Verkefnishópur ræðir niðurstöður 28.5. – 12.6.2020
Lokaafgreiðsla sveitarstjórna á bilinu 15.6 – 30.6
Egill kom með athugasemd um að gott væri að starfshópar hefðu rýmri tíma í sína vinnu. Jón Hrói tók það til greina en sagði að það byggðist á því hversu hratt gengi að skipa í starfshópana.
3. Kostnaðaráætlun
 - I. Róbert kynnti drög að kostnaðaráætlun.
Valtýr spyr um kostnað við starfshópa. Ákveðið að sá liður verði hækkaður í fjárhagsáætlun.
Ásta spyr um kostnað verkefnisstjóra. Ákveðið að sá liður verði endurskoðaður.
Ákveðið að Rangárþing Eystra taki að sér fjármálastjórn fyrir verkefnið.
 - II. Fundir með sveitarstjórnnum.
Róbert ræddi um mögulega fundartíma með sveitarstjórnnum.
Ákveðið að stefna að fundum á Hellu, Hvolsvelli, Vík og Klaustri 27. febrúar.
Kannað verði hvort fundur í Ásahreppi gangi 28. febrúar.

4. Samskiptasáttmáli verkefnisins.

Ákveðið að innleidd verði gildi fyrir verkefnið. Sáttmálinn verður tekinn til afgreiðslu á næsta fundi.

5. Heimasíða.

Jón Hrói kynnti tilboð frá Stefnu í heimasíðugerð.

Samþykkt að taka tilboðinu.

Róbert ræddi um að verkefnisstjórar fengju heimild til þess að hafa samband við starfsmenn sveitarfélaga í tengslum við að setja efni á heimasíðuna.

Samþykkt að Þorbjörg verði ritstjóri efnis sem fer á heimasíðuna.

6. Starfshópar.

Róbert kynnti fyrirkomulag starfshópa.

Ákveðið að skipting starfshópa yrði:

- I. Stjórnsýsla og fjármál
- II. Fræðslu- og félagsþjónusta
- III. Eignir, veitur og fjárfestingar
- IV. Samgöngur-, umhverfis- og skipulagsmál
- V. Frístundir, menning og lýðheilsa.
- VI. Atvinnumál og byggða

Ofangreind skipting samþykkt.

Engin fleiri mál rædd.

Formaður slítur fundi kl. 10:13